



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

**OPINBER HEIMSÓKN Í RÚMENÍU:
SAMVINNA Í ORKUMÁLUM
OG
Í BARÁTTUNNI GEGN FÍKNIEFNUM
Íbúðarhúsnæði — Byggingarverktakar — Lýsi**

Á fundi forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar og forseta Rúmeníu Traian Basescu í Búkarest í morgun kom fram eindreginn vilji til samvinnu við Íslendinga á sviði orkumála með það að markmiði að styrkja hlutdeild hreinnar orku í efnahagskerfi Rúmeníu og auðvelda landinu að ná markmiðum Evrópusambandsins í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Fundurinn fór fram í forsetahöllinni í Búkarest á fyrra degi opinberrar heimsóknar forseta Íslands til Rúmeníu. Í kjölfar fundarins hélt forseti Íslands til ráðhúss borgarinnar þar sem borgarstjórinn í Búkarest Adriean Videanu undirritaði samning um þátttöku borgarinnar í samvinnuverkefni evrópskra borga í baráttunni gegn fíkniefnum. Þar með hafa 16 evrópskar borgir orðið formlegur aðili að þessu samstarfi sem byggt er á reynslu Reykjavíkurborgar og rannsóknum íslenskra fræðimanna. Forseti Íslands er verndari verkefnisins.

Forseti Íslands opnaði einnig nýja íbúðarblokk sem er sú fyrsta í röð um 600 íbúða sem íslenskir aðilar eru að byggja í Búkarest og einnig var forseti viðstaddur vígslu höfuðstöðva þriggja íslenskra fyrirtækja í borginni, og starfa tvö þeirra á sviði byggingaverktöku og innréttinga en það þriðja er Lýsi sem hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands 2007.

Í upphafi dagskrárinnar í Búkarest í morgun lagði forseti Íslands blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnismerki óþekkta hermansins. Við forsetahöllina var síðan hátíðleg móttökuathöfn þar sem leiknir voru þjóðsöngvar landanna.

Á fundi sínum ræddu forsetar landanna ítarlega um tækifæri íslenskra fyrirtækja til þátttöku í uppbyggingu og efnahagsþróun í Rúmeníu. Nú þegar hefðu íslensk fyrirtæki eins og prentsmiðjan Oddi og lyfjafyrirtækið Actavis góða reynslu af starfsemi í Rúmeníu. Í för með forseta væru fulltrúar um 25 íslenskra fyrirtækja, m.a. banka og fjármálafyrirtækja, fyrirtækja í byggingarstarfsemi og borgarþróun og orkufyrirtækja. Forseti Rúmeníu lagði ríka áherslu á að íslensk fyrirtæki væru

velkomin til Rúmeníu því landið þyrfti á öflugum samstarfsaðilum að halda. Greinilegt var að þróun nýtingar á hreinni orku og umhverfisvænar breytingar í orkukerfi landsins eru meðal helstu forgangsmála stjórnvalda. Þau telja að reynsla Íslendinga geti nýst þeim á margan hátt.

Einnig kynnti forseti Rúmeníu íslensku sendinefndinni sjónarmið varðandi öryggismál í austanverðri Evrópu og hvatti til víðtækrar samvinnu og samráðs í þeim efnum. Einnig fjallaði hann um deilurnar um Kosovo og stöðu þjóðernisminnihluta í austanverðri Evrópu.

Að loknum fundi forsetanna undirritaði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra samkomulag í skattamálum milli Íslands og Rúmeníu.

Á fundi með fréttamönnum í ráðhúsi Búkarest lögðu Adriean Videanu borgarstjóri og forseti Íslands áherslu á að baráttan gegn fíkniefnum væri orðin brýn nauðsyn í evrópsku samstarfi. Frumkvæði Reykjavíkurborgar og Íslendinga í þeim efnum var fagnað sérstaklega. Á fundinum töluðu einnig Róbert Wessman forstjóri Actavis en fyrirtækið styrkir hið evrópska samstarfsverkefni og Dagur B. Eggertsson fulltrúi ECAD (European Cities Against Drugs) og formaður stýrihóps fíkniefnaverkefnisins Youth in Europe.

Á fundunum með forseta landsins og borgarstjóra Búkarest komu fram vaxandi áhyggjur stjórnvalda vegna sívaxandi viðskipta með eiturlyf og fíkniefni og hvernig alþjóðlegir glæpahringir flytja þau frá Asíu gegnum Rúmeníu og önnur lönd í Austur-Evrópu til Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna. Vaxandi styrkur þessara glæpasamtaka gerði varnarbaráttu borga og þjóða sífellt brýnni.

Þá heimsótti forseti Íslands þjóðþing Rúmeníu og átti fundi með forsetum Fulltrúadeildarinnar og Öldungadeildarinnar og var þar einkum rætt um þátt þingsins í lýðræðisþróun Rúmeníu og samstarf þjóðþinga á alþjóðavettvangi. Í kvöld situr forseti Íslands hátíðarkvöldverð sem forseti Rúmeníu heldur honum til heiðurs.

19. september 2007

Myndir frá heimsókninni má nálgast á heimasíðu forsetaembættisins 1-2 tímum eftir að þessi fréttatilkynning er send út.

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896-3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820-4946) og skrifstofa forseta Íslands (540-4400).